



Bandalag íslenskra listamanna

Federation of Icelandic artists

Reykjavík 13.november 2018

Efni: Umsögn Bandalags íslenskra listamanna um “Drög að frumvarpi til laga um sviðslistir”

Bandalag íslenskra listamanna tekur undir umsögn Sviðslistasambands Íslands um að vísa þessu frumvarpi frá í heild sinni og taka upp samtal við sviðslistageirann um endurskoðun sviðslistalaga. Í heildina eru frumvarpsdrögin svo gölluð að tveggja vikna gluggi sem gefinn er í samráðsgáttinni dugar engan vegin til að ná utan um þetta verkefni.

Allur textinn og hugmyndir frumvarpshöfunda er í engu samræmi við sviðslistaumhverfið í dag og án grundvalla breytinga mun frumvarp í anda þess sem nú liggur fyrir valda verulegum skaða á hundrað ára uppbyggingu sviðslista í landinu.

Við búum að mikilli þekkingu á leikhúsi, rekstri stofnana, frumkvöðla starfi, frumsköpun, listdansi, óperuflutning, alþjóðlegustarfi og að sjálfsögðu þekkingu á listinni. Engir þeirra aðila sem borið hafa uppi þessa vinnu undanfarin ár var kallaður að borðinu við undirbúning þessara draga og ber frumvarpið þess merki.

Fyrir hönd
Bandalags íslenskra listamann

Erling Jóhannesson

